

Kostnaður stefnenda af rekstri máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast kr. 85.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Guðmundi Hjaltasyni og Jóni Björnssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, Guðbjargar Óskar Harðardóttur fyrir sig og ófjárráða börn sín, Hörð Gunnarsson, Valgeir Gunnarsson og Elínu Björk Gunnarsdóttur. Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður stefnenda af rekstri málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 85.000.

Mánudaginn 20. nóvember 1978.

Nr. 145/1977. **Hólmfríður Steinþórsdóttir og**

Ove Salomonsen

(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

Svövu Þórðardóttur persónulega og fyrir

hönd ófjárráða sonar hennar,

Sigurðar Vilhjálmssonar,

Steinari Vilhjálmsyni og

Hilmi Vilhjálmsyni

(Jóhann Þórðarson hdl.).

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Stefndi Hilmir Vilhjálmsson varð fjárráða eftir uppsögu héraðsdóms og hefur sjálfur tekið við forræði málsins hér fyrir dómi.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, er rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, að veita aðiljum færi á að afla eftirtalinna gagna:

1. Skýrslu dómsmálaráðuneytis um meðferð og afgreiðslu þess á beiðni Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns vegna Svövu Þórðardóttur um leyfi til að selja íbúðarhluta ófjárráða barna hennar, sbr. bréf hans 28. júlí 1972, bréf yfirfjárráðandans í Reykjavík 31. júlí 1972, bréf dómsmálaráðuneytis 23. maí 1973, bréf Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns 21. júní 1973 og 23. apríl 1974 svo og bréf dómsmálaráðuneytis 26. apríl 1974. Fram komi, hvort leitað var umsagnar málsaðilja eða lögmannna þeirra, áður en málið var afgreitt.
2. Skýrslu yfirfjárráðandans í Reykjavík um meðferð hans á máli því, er greinir í 1. tl., þ. á m. hverjum og þá hvenær hann tilkynnti um bréf dómsmálaráðuneytis 23. maí 1973 og 26. apríl 1974.
3. Skýrslu Sigurðar Baldurssonar hæstaréttarlögmanns um afskipti hans af máli þessu.
4. Annarra þeirra gagna, sem framangreind gagnaöflun kann að veita efni til.

Á l y k t a r o r ð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra gagna.